

**Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 40. fundur byggingarnefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, þriðjudaginn 8. maí 2012
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Aðalsteinn Magnússon Aðalmaður, Sigurvin Hreiðarsson Formaður, Guðlaug Björgvinsdóttir (GB) Aðalmaður og Ármann Halldórsson Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ármann Halldórsson, Byggingarfulltrúi

Dagskrá:

1. 1102033 - Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006 - 2018, breyting.

Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018.

Breytingin er í fimm liðum:

Í fyrsta lagi breyting á köflum um iðnaðarsvæði en um er að ræða breytingu vegna fyrirhugaðar heitavatnsborholu í Sveinseyrarhlíð, stækkun iðnaðarsvæða I2 og I3 innan þéttbýlisins og ný iðnaðarsvæði í Sveinseyrarhlíð fyrir litlar fóðurstöðvar fyrir laxeldi. Í öðru lagi afmörkun nýs vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar. Í þriðja lagi færsla á frístundabygðasvæði F2 samfara afmörkun vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar. Í fjórða lagi nýtt opið svæði til sérstakra nota, einnig í landi Sveinseyrar og að lokum hitaveitulögn sem liggja mun frá borholu til þéttbýlisins í Tálknafirði.

Farið hefur fram kynning á breytingunni á opnu húsi sem haldin var á Tálknafirði 30. apríl sl.

Nefndin hefur yfirfarið tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir : Mynd 6.1 borstæði vitlaust staðsett, staðinu er ætlað að vera utar í firðinum. Í texta fyrir ofan mynd 6.1 er klausa um veg í Sellátradal, sú klausa á ekki heima í aðalskipulaginu. Einnig er gerð athugasemd við að á uppdrætti nær vatnsverndarsvæðið inn á eignarland Hrauns og Steinhús á nv horni þéttbýlissvæðisins, þar sem nefndinni er ekki kunnugt um samþykki landeigenda. Nefndin leggur til að svæði merkt I7 á uppdrætti verði stækkað til austurs. Nefndin leggur til að eftir að hugað hefur verið að ofangreindum athugasemdum verði óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa hana skv. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ennfremur að tillagan verði send til eftirtalinnna umsagnaraðila: Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Siglingastofnun.

2. 1111095 - Upplýsingagjöf byggingafulltrúa

Erindi frá Jón Erni Pálsyni í erindinu er gerð tillaga að reiðstíg ofan við og innan við byggð. nefndin tekur vel erindið og vísar því hreppsnefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.
